

## REGLUGJÖRÐ

59  
17. ágúst

um

eyðingu refa og refaeldi í Dalasýslu.

### I. kafli.

*Um eyðing refa.*

#### 1. gr.

Sjerhverri hreppsnefnd sýslunnar ber að sjá um að leitað sje grenja einu sinni á vori a. m. k., bæði í heimalöndum og afrjettum hreppsins. Skal leitin fara fram áður 9 vikur eru af sumri. Ráðinn skotmaður skal helst vera með í slíkum leitum, ef hægt er, til þess að hann geti strax lagst á grenið, er það finst.

#### 2. gr.

Enginn má skorast undan grenjaleitun, þegar hann er til þess kvaddur af hreppsnefnd, nema gild forföll hamli, en heimting á hann á sanngjörnu kaupi. Kostar hver ábúandi grenjaleit í heimalandi sinnar jarðar, nema skotmannskaup.

#### 3. gr.

Hreppsnefndir skulu ráða skotmenn til grenjavinslu á vorum, hver í sínum hreppi, og skal í hvert sinn, er gren finst, tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða skotmanni, sem ráðinn hefir verið fyrir það svæði, er grenið finst á, gegn sanngjarnri þóknun.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd semur um kaup til skotmanna og skulu þeir ráða sjer hæfan vökumann á hvert gren, enda eiga þeir heimting á aðstoð hreppsnefnda til þess. Þann samning má gera við skotmann, að hann fái fyrir fyrra dýrið 14 álnir á landsvísu, en fyrir það síðara 26 álnir, enda hafi hann þá sjálfur engin daglaun. Ein alin greiðist fyrir hvern yrðling, sem drepinn er á greni, þeim, er vinnur.

Alla yrðlinga, sem skotmaðurinn nær á greni, á hann, og er honum heimilt að selja þá tófueldismönnum, eða ala þá sjálfur, samkv. fyrirmælum reglugjörðar þessarar. Til sannindamerkis skal afhenda hlutaðeigandi hreppsnefnd skottið af tófum og yrðlingum, er hann drepur á greni, sem hún þá eyðileggur.

Skotmaður á enga heimting á kaupi eða verðlaunum, nema hann hafi farið á grenið að tilhlutun hlutaðeigandi hreppsnefndar. Hann skal ekki fara

**59** af greninu, fyr en hann er búinn að vera á því tvo sólarhringa, hafi hann  
 17. ágúst ekki unnið bæði fullorðnu dýrin innan þess tíma. Þó skotmaður liggja á greni  
 eftir að bæði dýrin eru unnin, til að ná yrðlingum, greiðast honum engin  
 daglaun. Hann má ekki yfirgefa svo nokkurt gren til fullnustu, að ekki hafi  
 hann eitrad á því rækilega, ef nokkur grunur er um að lifandi yrðlingar  
 sjeu eftir í því. Efni til eitrunar ber hreppsnefnd að leggja til.

#### 5. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að ráða skotmann til að leita uppi „lausabít-  
 varg“ og borga honum fyrir það úr hlutaðeigandi hreppssjóði. Vinni skot-  
 maður bitvarginn, skulu honum borgaðar fyrir það 20 álnir úr hlutaðeigandi  
 sýslu- og sveitasjóðum, að hálfu úr hvorum, enda hafi hann skilað hrepps-  
 nefndinni skotti hans. Fyrir hverja aðra lausatófu, sem er unnin, og belgur  
 hennar á þeim tíma er verðlaus, greiðist skotmanni kr. 8 úr sýslusjóði.

#### 6. gr.

Hreppsnefndum ber að hafa til nægilegt eitur á hverju ári, þær skulu  
 og gera ráðstafanir til þess á hverju hausti að rækilega verði eitrad að vetr-  
 inum, á þeim stöðum, er menn álíta, að refir hafi helst umgang; skal þessari  
 eitrun lokið árlega fyrir 25. febrúar. Heimilt skal þó hreppsnefndum, með  
 samþykki sýslumanns, að fresta eitt ár í senn eitrun, sjeu til í sveitinni góð-  
 ir skotmenn, er skuldbindi sig til þess að stunda refaveiðar með byssu, gildr-  
 um og öðru móti.

Til þess að hafa eitrun á hendi og framkvæma hana, skulu hrepps-  
 nefndir útvega vandvirka og vel hæfa menn, og ber þeim að tilkynna hverj-  
 um ábúanda tafarlaust hvar eitrad hafi verið í landi hans. Til eitrunar skal  
 hafa „Stryknin“ eða annað sterkt eitur. Rjúpur til eitrunar má skjóta án  
 leyfis, þar sem eitrad er, þá tíma, sem þær eru ekki friðaðar. Skal hægri væng-  
 ur stýfður af hverri rjúpu, sem eitruð er. Ef eitrun er látin falla niður, og  
 sje ekki til þess sú ástæða, sem tekin er fram í grein þessari, varðar það sekt-  
 um, frá 10 til 20 kr.

#### 7. gr.

Hreppsnefndir skulu senda oddvita sýslunefndar skýrslu um eitrun fyr-  
 ir marslok árlega, og skal skýrt frá:

1. hvenær eitrun hafi verið lokið;
2. hvað eitrad hafi verið og hve mikið;
3. hvar hafi verið eitrad, og
4. hverjir hafi framkvæmt eitrunina.

Skýrslur þessar skal oddviti leggja fyrir sýslunefndina á aðalfundi  
 hennar ár hvert til umsagnar og úrskurðar.

## 8. gr.

59

Allur kostnaður við eyðing refa greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, 17. ágúst sbr. þó 5. gr.

## II. kafli.

*Um tófueldi.*

## 9. gr.

Hver, sem óskar að ala upp yrðlinga til þess að nota skinn þeirra sem verslunarvöru, verður að fá leyfi til þess hjá sýslumanni á hverju ári, ekki síðar en á manntalsþingum. Fyrstu leyfisbeiðni skal fylgja úttektargjörð sú, sem getur um í 10. gr.

## 10. gr.

Yrðlingaeldi skal bannað nema í húsum með steinlímum eða járnvörðum veggjum að innan, steinlögðu gólfi og öruggum umbúnaði um glugga, járnrimla og dyr. Skal hlutaðeigandi hreppstjóri með lögskipuðum úttektarmanni taka hús þessi út og meta, hvort tryggilega sje frá þeim gengið. Sje þeim í nokkru áfátt að þeirra dómi og bæti eigandi það eigi þegar, skal hreppstjóri þegar í stað kæra það fyrir sýslumanni. Úttektir þessar borgar tófueldismaður eins og venja er til um aðrar úttektir.

## 11. gr.

Hreppstjóri hefir eftirlit með tófueldi í sínum hreppi, skal hann á hverju sumri, hið fyrsta eftir að tófur eru komnar í eldi, fara til og telja yrðlingana hjá hverjum tófueldismanni og líta um leið eftir, að tófueldishúsum sje vel við haldið.

Þegar tófudrái er lokið, skal hreppstjóri gera aðra skoðun, leggur tófueldismaður þá fram refabelgina til talningar, vanti nokkuð í töluna frá því um vorið, tilkynnir hreppstjóri það þegar sýslumanni, sektast tófueldismaður fyrir hvern yrðling, er á vantar, eins og hann hefði sloppið, nema sannað sje að svo hafi ekki verið. Eftirlitsferðir hreppstjóra borgast honum af tófueldismanni.

## 12. gr.

Fyrir hvern yrðling, sem sleppur frá tófueldismanni, greiði hann 50 kr. sekt.

## 13. gr.

Hafi hreppstjóri tófueldi með höndum, eða sje nákominn tófueldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað, til að hafa á hendi eftirlit með tófueldi.

**59**  
17. ágúst

**14. gr.**  
Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10—200 kr., nema þar sem öðruvísi er ákveðið hjer á undan. Allar sektir renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

**15. gr.**  
Með mál, sem rísa út af brotum á reglugjörð þessari, skal farið sem með önnur opinber lögreglumál.

**16. gr.**  
Með reglugjörð þessari er úr gildi numinn I. kafli reglugjörðar um eyðing refa og fjallskil í Dalasýslu, frá 6. ágúst 1912.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1923 og birtist þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1923.*

**Vigfús Einarsson.**

---

*Páll Pálmason.*

**60**  
17. ágúst

## **FJALLSKILAREGLUGJÖRD**

fyrir

**Dalasýslu.**

I. kafli.

*Um sauðfjármörk.*

**1. gr.**

Sjerhver sauðfjáreigandi er skyldur að hafa glögt eyrnamark á fje sínu, og brennimerkja alt sitt hyrnda fje með sýslu- og hreppsrennimarki.

Ef kindur koma fyrir í haustleitum með óglöggu marki, skulu þær seldar í skilarjett, þar sem þær koma fyrir, sbr. 24. gr., nema einhver geti sannað eignarrjett sinn á þeim með áreiðanlegra manna vitnisburði.